

Skýrsla vegna eftirfylgni Sjúkrahúsið Vogur og meðferðarstöðin Vík

Embætti landlæknis gerði í febrúar 2016 hlutaúttekt á starfsemi og þjónustu sjúkrahússins á Vogu og meðferðarstöðinni Vík.

ÁBENDINGAR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS AÐ LOKINNI ÚTTEKT

- Setja fram skýra stefnu um vímuefnameðferð kvenna og barna.
- Auka aðgengi barna sem eru í vímuefnameðferð á Vogu að sérfræðingum í meðferð og umönnun barna.
- Auka mönnun hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða.
- Hafa skráðar viðurkenndar faglegar leiðbeiningar og verklagsreglur varðandi meðferð aðgengilegar starfsfólki.
- Fylgja leiðbeiningum Embættis landlæknis varðandi gæði og öryggi, *Eflum gæði og öryggi í íslenskri heilbrigðisþjónustu, 2014*.
- Tengja hjúkrunarskráningu og skráningu ráðgjafa á Vogu við rafrænar sjúkraskrárupplýsingar.
- Endurskoða verklag varðandi tilhögun næturvakta í Vík.

EFTIRFYLGD ÚTTEKTAR

Þann 16. desember 2016 var haldinn fundur með fulltrúum SÁÁ þar sem farið var yfir ábendingar Embættis landlæknis og hvernig þeim hefur verið fylgt eftir síðan úttekt var gerð.

Að sögn fulltrúa SÁÁ hefur mikil vinna verið unnin í tengslum við stefnumótun hvað varðar heilbrigðisþjónustu á meðferðarsviði samtakanna. Vinna við gerð gæðahandbókar er vel á veg komin og meðferðis voru ýmis skjöl sem þegar eru komin í bókina.

Varðandi stefnu um vímuefnameðferð barna á Vogu og aðgengi þeirra að sérfræðingum í meðferð og umönnun barna fengust þær upplýsingar að búið væri að ráða sálfræðing á unglíngadeildina á Vogu. Haustið 2016 hófst stefnumótunarvinna sem áætlað er að taki þrjú ár og þar verður tekið á öllum þáttum meðferðar sem veitt hjá SÁÁ. Meðfylgjandi voru gögn varðandi stefnumótun í meðferð og þjónustu við unglíngana sem áætlað er að ljúki á þessu ári 2017.

Í úttekt embættisins voru gerðar athugasemdir við ónóga mönnun hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða á sjúkrahúsinu Vogu. Þessari ábendingu hefur ekki verið fylgt eftir og að sögn fulltrúa sjúkrahússins er ekki ráðgert að auka við mönnun hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða nema til komi aukafjármagn frá yfirvöldum.

Hvað varðar ábendingar embættisins um skráðar verklagsreglur og faglegar leiðbeiningar var upplýst að búið væri að skrá sérstaka verklagsreglu og leiðbeiningar varðandi inntökuferil sjúklings í aukinni áhættu. Gátlisti og fyrirmælablað er þegar komið í notkun á Gátinni og eru öll þessi skjöl aðgengileg starfsfólki í gæðahandbók.

Verið er að vinna í því að tengja hjúkrunarskráningu og skráningu ráðgjafa á Vogu við rafræna sjúkraskrá og hafa allir heilbrigðisstarfsmenn á SÁÁ aðgang að sjúkraskrárkerfinu.

Fulltrúar SÁÁ hyggjast ekki endurskoða eða breyta verklagi varðandi næturvaktir á meðferðarheimilinu Vík vegna fjárskorts. En tekið var fram að búið væri að koma fyrir 12 myndavélum í Vík.

MAT EMBÆTTIS LANDLÆKNIS

Ljóst er að forráðamenn á Vogu hafa tekið tillit til flestra ábendinga Embættis landlæknis og unnið töluverða umbótavinnu varðandi ýmsa þætti starfseminnar. Embættið gerir því ekki frekari athugasemdir en mun áfram fylgjast með framvindu mála.

<Texti>

Virðingarfyllst,

Sigríður Egilsdóttir,
verkefnisstjóri